

Þessi persónuverndaryfirlýsing á við um [öll Mars vörumerki](#), þar á meðal vörumerki dýraheilbrigðis- og greiningarþjónustu Mars, talin upp [hér](#).

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING

Til að prenta þessa persónuverndaryfirlýsingu, vinsamlegast smellið hér.

YFIRLIT

Mars er stolt yfir að hafa verið í fjölskyldueigu í yfir 100 ár. Það er þetta sjálfstæði sem gefur okkur frelsi til að hugsa í kynslóðum, ekki ársfjórðungum, svo við getum fjárfest í langtíma framtíð fyrirtækis okkar, fólks, neytenda okkar og plánetunnar - allt með varanlegar meginreglur okkar að leiðarljósi. Við trúum því að heimurinn sem við viljum hafa á morgun byrji á því hvernig við stundum viðskipti í dag.

Meginreglur okkar á sviði persónuverndar:

1. Við metum og virðum persónuupplýsingarnar sem einstaklingar veita okkur.
2. Við erum skýr og ábyrg um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingarnar í umsjá okkar, með fimm meginreglur okkar og lög að leiðarljósi.
3. Við virðum friðhelgi einkalífs fólks.
4. Við erum staðráðin í að bæta stöðugt persónuverndar- og öryggisverklag okkar.

HAFIÐ SAMBAND

Ábyrgðaraðili fyrir vinnslu persónuupplýsinga á vefsíðum okkar eins skilgreint er hér að neðan eins og kemur fram í þessari persónuverndaryfirlýsingu er Mars Inc, og/eða Mars hlutdeildarfyrirtækið á þínu svæði. Tengiliðaupplýsingar eru eftirfarandi:

Mars, Incorporated
c/o: Chief Privacy Officer
1676 International Drive, 10th Floor
McLean, Virginia 22102
Tengiliður: privacy@effem.com

Mars fulltrúi í ESB er:

Mars Netherlands B.V.
c/o: Chief Privacy Officer
Taylorweg 5, 5466 AE Veghel
Noord-Brabant Netherlands
Tengiliður: privacy@effem.com

Ef þú sækir um starf hjá Mars er ábyrgðaraðili gagna Mars hlutdeildarfyrirtækið sem þú sóttir um hjá.

Við erum staðráðin í að bregðast strax við spurningum eða áhyggjum sem þú kannt að hafa.

Ef þú hefur almenna spurningu um verklag okkar varðandi persónuupplýsingar eða vilt hafa samband við alþjóðlegt persónuverndarteymi okkar eða gagnaverndarfulltrúa Mars, vinsamlegast [smellið hér](#). Ef þú

hefur beiðni varðandi gögnin þín og vilt nýta réttindi þín samkvæmt gildandi lögum, vinsamlegast [smellið hér](#).

HVENÆR Á ÞESSI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING VIÐ?

Þessi persónuverndaryfirlýsing segir þér hvernig við söfnum, notum, miðlum, birtum og vinnum á annan hátt persónuupplýsingar hjá [Mars, Incorporated og fyrirtækjum í samstæðu þess](#) (þetta á við um dótturfélög og hlutdeildarfélög), í gegnum vefsíður okkar, vörur, farsímaforrit eða aðrar síður þar sem þessi persónuverndaryfirlýsing kemur fram eða sem tengjast þjónustuveitingu okkar. Við vísum sameiginlega til þessa sem „síðanna okkar.“ Þessi persónuverndaryfirlýsing mun einnig gilda um persónuupplýsingar sem þú veitir okkur í eigin persónu, með vörum okkar og á hvers kyns smásölu- eða dýralæknissjúkrahúsum okkar.

Hvenær á þessi persónuverndaryfirlýsing ekki við?

Þessi persónuverndaryfirlýsing á aðeins við um starfsmenn Mars þegar þeir hafa samskipti við síðurnar utan síns starfssviðs.

Vefsíður okkar gætu haft tengla eða vísað þér á síður sem tilheyra ekki Mars og gætu meðhöndlað persónuupplýsingar þínar á annan hátt. Ef þú veitir þessum síðum persónuupplýsingar þínar mun stefna þeirra gilda svo þú ættir að skoða persónuverndarstefnu hvaða síðu sem þú ferð á; Mars ber ekki ábyrgð á persónuverndarverklagi annarra síðna sem þú gætir heimsótt.

Þessi persónuverndaryfirlýsing á heldur ekki við um myndbandsefni þriðju aðila á síðum okkar. Vinsamlegast skoðið persónuverndarstefnur þessara þriðju aðila til að skilja upplýsingaverklag þeirra.

TILKYNNING VIÐ SÖFNUN

Við kunnum að safna eða vinna úr mismunandi tegundum persónuupplýsinga, í samræmi við hvernig samskipti þú átt við síður okkar, vörur og þjónustu. Við varðveitum persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er í samræmi við stefnu okkar um varðveislu gagna. Með því að smella á kaflana hér að neðan munt þú fara í þá kafla persónuverndaryfirlýsingarinnar sem veita nákvæmari upplýsingar um hvaða gögnum við söfnum og hvernig við notum þau, hvort við seljum eða deilum persónuupplýsingum þínum, hvernig við notum, miðlum, birtum og vinnum á annan hátt persónuupplýsingar þínar, hvaða réttindi þú hefur og hvernig á að hafa samband við okkur.

Við kunnum að safna: Auðkenni; Viðskiptavinaskrár; Fjárhagsupplýsingar; Internet eða önnur netvirkni; Hljóðupplýsingar, rafrænar eða svipaðar upplýsingar; Upplýsingar um staðsetningu; Innihald samskipta; Lýðfræðileg gögn; Myndbandsskoðunarferill; og allar aðrar persónuupplýsingar sem þú veitir okkur eða við og þriðju aðilar söfnum þegar þú átt samskipti við okkur. Við söfnum einni upplýsingum um fyrri atvinnu, menntun og öðrum persónuupplýsingum sem þú veitir í umsóknarferlinu. Við gætum einnig safnað viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem upplýsingum um landfræðilega staðsetningu en við söfnum einnig vernduðum flokkum upplýsinga eins og um kynþátt, þjóðerni, kynvitund, kynhneigð eða sakaskrá. Við kunnum að nota gögnin sem við söfnum til að draga ályktanir um þig.

Persónuupplýsingar sem safnað er eru notaðar í: innri viðskiptatilgangi; fyrir grunnrekstur okkar; umbætur á síðu, þjónustu eða vöru; auglýsingar og markaðssetningu; öryggi; og hlítingu við lög. Persónuupplýsingar umsækjanda eru einnig notaðar til að hafa umsjón með umsókn hans, fyrir skimun fyrir ráðningu, og til að veita honum upplýsingar um frekari starfsmöguleika.

Við kunnum að deila persónuupplýsingum sem safnað er um þig: innan Mars og Mars-fyrirtækjasamstæðunnar; með þjónustuveitendum, söluaðilum eða umboðsmönnum; til þriðja aðila við eigendaskipti, svo sem samruna eða gjaldprot; með löggæsluyfirlögum, dómstólum, eftirlitsaðilum, stjórnvöldum; með samstarfsaðilum okkar á samfélagsmiðlum; eða þar sem við höfum fengið leiðbeiningar þínar eða samþykki fyrir birtingu persónuupplýsinga þinna.

Fyrir íbúa í Bandaríkjunum lýsir kaflinn „Sala eða miðlun persónuupplýsinga“ hvernig við kunnum að selja eða deila persónuupplýsingum þeirra. Hægt er að smella á „[Persónuverndarval þitt](#)“ hlekkinn til að biðja um að við seljum ekki eða deilum persónuupplýsingum þínum fyrir markmiðaðar auglýsingar eða hringja í 1-844-316-5985. Ef þú hefur almennar spurningar, þar á meðal um söfnun okkar á persónuupplýsingum þínum, vinsamlegast skoðið kaflann „Hafið samband“ hér að ofan. Ef þú vilt leggja fram beiðni varðandi upplýsingarnar þínar, vinsamlegast [smellið hér](#). Ef þetta á við um staðsetningu þína er ábyrgðaraðili gagna þinna:

Mars, Incorporated
c/o: Chief Privacy Officer
6885 Elm Street
McLean, Virginia 22101
Tengiliður: privacy@effem.com

HVAÐA UPPLÝSINGUM SÖFNUM VIÐ OG HVADAN KOMA ÞÆR

Í flestum tilfellum þarftu ekki að deila tilteknum upplýsingum um sjálfan þig með okkur, en það gæti komið upp staða þar sem okkur er skylt að safna tilteknum persónuupplýsingum um þig samkvæmt lögum eða til að uppfylla samning við þig. Vanræksla á að veita þessar upplýsingar getur komið í veg fyrir eða tafið að skyldur okkar séu uppfylltar. Við munum upplýsa þig á þeim tíma sem upplýsingum þínum er safnað hvort tiltekinna upplýsinga sé krafist og afleiðingar þess að veita ekki upplýsingarnar.

Þar sem lög leyfa það, söfnum við eða vinnum úr mismunandi tegundum persónuupplýsinga á viðskiptalegum grundvelli, eins og lýst er hér að neðan.

- **Auðkenni:** nafn; tengiliðaupplýsingar (eins og netfang eða heimilisfang); og notendanafn reiknings. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér, frá öðrum aðilum** eins og gagnamiðlara eða samfélagsmiðlum eða **frá gagnagreiningaraðilum** þegar þú hefur samskipti við síður okkar. Fyrir umsækjendur um starf gætum við einnig safnað þessum upplýsingum um þig **frá atvinnutengdum síðum eða verkvöngum þriðja aðila**, eins og t.d. LinkedIn; eða **frá þjónustuaðilum**, eins og ráðningarstofum.
- **Viðskiptavinaskrár:** innkaupasaga; innheimtu- og sendingarupplýsingar; og allar aðrar persónuupplýsingar um viðskipti þín við okkur. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú kaupir eitthvað af okkur, **frá gagnagreiningaraðilum** þegar þú hefur samskipti við síður okkar eða **frá þjónustuaðilum**, eins og söluaðilum sem vinna greiðslur fyrir okkar hönd.
- **Fjárhagsupplýsingar:** upplýsingar um greiðslukort; og lánshæfismat viðskiptavina okkar. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú kaupir eitthvað af okkur eða **frá þjónustuaðilum**, eins og lánshæfismatsfyrirtækjum.
- **Internet eða önnur netvirkni:** auðkenni tækis og stýrikerfi; upplýsingar um vafra; IP tölu; internetvirkni eða virkni á samfélagsmiðlum; upplýsingar um hvernig þú hefur samskipti við síður okkar. Þessum gögnum er safnað **frá gagnagreiningaraðilum** eða **frá öðrum aðilum** eins og

gagnamiðlurum, samfélagsmiðlum eða með smygildum þriðja aðila. Fyrir umsækjendur um starf er þessum upplýsingum safnað **frá starfssíðum eða verkvöngum þriðja aðila**.

- **Hljóðupplýsingar, rafrænar eða svipaðar upplýsingar:** myndbönd, upptökur eða vélritun gervigreindar á símtölum viðskiptavinar, myndbönd eða myndir sem þú sendir okkur (t.d. fyrir myndbandasamkeppnir). Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú hefur samband við okkur, hefur samskipti við ákveðna eiginleika síðna okkar eða heimsækir eitt af útibúum okkar í raunheimi. Við gætum einnig safnað þessum upplýsingum **frá þjónustuveitendum** þegar þú hefur samband við þjónustuver. Ef þú ert umsækjandi um starf gætum við safnað þessum upplýsingum þegar þú notar þriðja aðila verkvang, eins og Zoom eða **frá þriðju aðila starfssíðum eða verkvöngum**.
- **Staðsetningarupplýsingar:** staðsetningarupplýsingar, svo sem IP-tala, sem lýsir almennri staðsetningu þinni; nákvæmar staðsetningarupplýsingar, svo sem GPS-gögn. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú notar forrit eða eiginleika sem safna GPS-gögnum **og** almennum staðsetningarupplýsingum er safnað **beint frá þér, frá gagnagreiningaraðilum** eða **frá öðrum aðilum** eins og gagnamiðlarum, samfélagsmiðlum eða smygildum frá þriðja aðila. Við gætum fengið þessi gögn frá umsækjendum um starf í gegnum **starfssíður eða verkvang þriðja aðila**.
- **Innihald samskipta:** innihald símtala, textaskilaboða eða spjall; allar hljóð- og myndupplýsingar sem veittar eru í samskiptum þínum. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú hefur samband við okkur eða hefur samskipti við síður okkar, eða **frá þjónustuaðilum** þegar þú hefur samband við þjónustuver.
- **Lýðfræðilegar upplýsingar:** kyn eða aldur. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** ef þú velur að veita þessar upplýsingar þegar þú hefur samband við okkur eða hefur samskipti við síður okkar.
- **Myndbandsskoðunarsaga:** persónuupplýsingar sem tengjast samskiptum þínum við hvers kyns myndbandsefni, hljóð- og myndefni eða svipað efni á síðum okkar. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú hefur samskipti við síður okkar eða **frá gagnagreiningaveitum** í gegnum pixla eða svipaða tækni þegar þú hefur samskipti við síður okkar.
- **Ályktanir af öðrum tengdum upplýsingum:** **nýjar upplýsingar sem við búum til um líklegar kjörstillingar þínar, áhugamál eða önnur einkenni úr einhverjum af þeim flokkum persónuupplýsinga sem lýst er hér að ofan.** Til dæmis myndum við sameina **landfræðilegar staðsetningarupplýsingar** þínar frá tækinu þínu og **internetinu eða annarri netvirkni** frá samskiptum þínum við vefsíðu M&Ms til að álykta að þú sért íbúi í Kaliforníu sem finnst súkkulaði gott. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú hefur samskipti við síður okkar eða **frá gagnagreiningaveitum** í gegnum pixla eða svipaða tækni þegar þú hefur samskipti við síður okkar.
- **Viðkvæmar persónuupplýsingar:** nákvæmar staðsetningarupplýsingar. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú deilir nákvæmri landfræðilegri staðsetningu þinni. Við söfnum einnig vernduðum flokkum upplýsinga eins og um kynþátt, þjóðerni, kynvitund, kynhneigð eða sakaskrá fyrir umsækjendum um starf hjá okkur. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú veitir þessar upplýsingar í tengslum við atvinnuumsókn eða **frá þjónustuaðilum** sem hjálpa til við ráðningarferlið.

Viðbótargögnum safnað frá umsækjendum um starf

- **Faglegar eða atvinnutengdar upplýsingar:** upplýsingar um starfsleyfi; vinnusaga; núverandi vinnuveitandi; persónuleg meðmæli. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú sækir um

starf hjá okkur; **frá þjónustuaðilum** eins og ráðningarstofum eða **frá starfssíðum eða verkvöngum þriðju aðila**.

- **Menntunarupplýsingar:** menntunarsaga; afrit; menntunarstig; skírteini; tungumála- og tölvukunnátta. Þessum upplýsingum er safnað **beint frá þér** þegar þú sækir um starf hjá okkur; **frá þjónustuaðilum** eða **frá starfssíðum eða verkvöngum þriðju aðila**.
- **Almennar persónuupplýsingar:** Allar aðrar persónuupplýsingar sem veittar eru í umsóknarferlinu, svo sem upplýsingar um tegund vinnu sem þú ert að leita að, núverandi eða æskileg laun, upplýsingar um fríðindakjör og vilja til að flytja búferlum. Við gætum einnig safnað upplýsingum sem tengjast mati sem þú gætir tekið sem hluta af skimunarferli umsækjanda. Við söfnum þessum upplýsingum **beint frá þér, frá þjónustuaðilum eða frá þriðja aðila starfssíðum eða verkvöngum**.

Önnur fyrirtæki kunna að safna upplýsingum sjálfkrafa í gegnum smygildi á vefsíðum okkar.

Vinsamlegast skoðið kaflann „Hvernig við notum smygildi og svipaða tækni“ hér að neðan.

Aðrar upplýsingar sem við kunnum að safna og uppruni þeirra upplýsinga

- **Gæludýraupplýsingar:** Við gætum safnað upplýsingum um gæludýrið þitt. Persónuverndarlög fjalla um persónuupplýsingar um menn. Upplýsingar um gæludýr eru í sjálfu sér ekki persónuupplýsingar og falla utan gildissviðs persónuverndarlaga og þessarar persónuverndaryfirlýsingar. Við söfnum gæludýraupplýsingum beint frá þér þegar þú heimsækir dýralækna okkar, kaupir gæludýravörur okkar eða hefur samskipti við síður okkar.
- **Persónuupplýsingar barna:** Vefsíður okkar eru hannaðar og ætlaðar fyrir fullorðna. Þú getur lesið [Mars markaðssetningarreglurnar](#) fyrir frekari upplýsingar. Ef þú kemst að því að barn hefur gefið okkur persónuupplýsingar sínar, skalt þú vinsamlegast tilkynna það til privacy@effem.com. Ef við komumst að því að barn hefur veitt persónuupplýsingar munum við eyða reikningnum og öllum persónuupplýsingum sem við getum. Við seljum ekki eða deilum persónuupplýsingum barna yngri en 16 ára.
- **Ópersónulegar upplýsingar:** Gögn sem eru gerð nafnlaus þannig að þau geti ekki borið kennsl á mann eru ekki persónuupplýsingar. Einnig er hægt að gera gögn að hluta til nafnlaus með því að fjarlægja næg gögn til að erfitt sé að bera kennsl á einstakling. Þar sem lög leyfa kunnum við að selja eða deila upplýsingum af þessu tagi með þriðja aðila, eða sameina slíkar upplýsingar öðrum svipuðum upplýsingum frá öðrum aðilum. Við munum ekki reyna að auðkenna það aftur nema lög leyfi það. Við gætum einnig deilt samansöfnuðum upplýsingum með þriðja aðila eins og að segja auglýsendum okkar fjölda gesta á síðum okkar. Þessi miðlun á ekki við um upplýsingar sem er safnað eftir samþykki eiganda með textaskilaboðum. Þessum upplýsingum er ekki deilt með þriðja aðila.

NOTKUN OKKAR Á SMYGILDUM OG SVIPAÐRI TÆKNI

Þessi kafli veitir upplýsingar um hvernig gögnin þín eru unnin sjálfvirkt af okkur og þriðju aðilum með því að nota kladdakrár og smygildi (sameiginlega „smygildi“) sem og vefvita, pixla eða aðra stafræna rakningartækni þegar þú heimsækir eða hefur samskipti við vefsíðu okkar og aðrar eignir á netinu, „síðurnar.“ Þú finnur einnig upplýsingar um þessi verkfæri, svo sem hvernig þau eru notuð, hvenær þau eru stillt og hvernig þú getur hafnað eða eytt þeim.

Hvað eru smygildi?

„Smygildi“ eru gagnaskrár sem vefsíða sendir í tækið þitt þegar þú notar þá síðu. Þessar skrár hjálpa vefsíðunni að muna mikilvæga hluti til að gera upplifun þína betri og skilvirkari. Síðurnar okkar nota smygildi af mörgum ástæðum. Við notum smygildi og IP-tölur til að fá persónuupplýsingar frá gestum á netinu og einnig til að veita þeim bestu mögulegu persónusniðnu upplifunina á netinu. Með þessum smygildum kunnum við að safna ákveðnum upplýsingum um þig, svo sem notendasamskiptum, upplýsingum um tæki og vafrahegðun.

Hversu lengi þessi smygildu eru í tækinu þínu fer eftir því hvaða hlutverki þau gegna. Til dæmis virka sum smygildi aðeins á meðan þú ert að nota síðurnar og þeim er eytt þegar þú hættir notkun (lotusmygildi). Önnur gætu verið áfram í tækinu þínu nema þú veljir að eyða þeim (viðvarandi smygildi). Smygildi kunna að vera sett inn af okkur (fyrsta aðila smygildi) eða af öðrum fyrirtækjum (þriðju aðila smygildi) þegar þú heimsækir síður okkar eða notar appið okkar. Þessir þriðju aðilar eru taldir upp í persónuverndarmiðstöð okkar á hverri síðu.

Smygildi hjálpa okkur að sýna auglýsingar og efni sem er sniðið að áhugamálum gesta. Ef þú hefur gefið samþykki þitt fyrir smygildum gætum við og þriðju aðilar eins og samstarfsaðilar á samfélagsmiðlum notað gögnin sem safnað er á síðunum okkar til að fá innsýn, samsvörun gagna og ef þú hefur veitt samþykki þitt til að fá beinar auglýsingar, til að veita þér persónulegar ráðleggingar og auglýsingar. Þau auðvelda gestum okkar einnig að panta vörur, taka þátt í getraunum og keppnum og nota aðra eiginleika á síðunum okkar. Síður sem bjóða upp á netverslun nota smygildi til að muna og vinna úr hlutunum í innkaupakörfunni þinni. Þegar það er leyfilegt gætum við tengt persónuupplýsingar við smygildisskrá. Við notum einnig smygildi til að koma í veg fyrir að börn fari inn á svæði eða eiginleika sem eingöngu eru ætlaðir fullorðnum eða unglingum

Mismunandi gerðir af smygildum sem við notum

Smygildi sem við notum eru byggð á leiðbeiningum Alþjóðaverslunarráðsins fyrir smygildisflokk: Stranglega nauðsynleg smygildi, frammistöðusmygildi, verkunarsmygildi og markmiðuð smygildi. Smygildi sem við notum á síðunum okkar eru talin upp og útskýrð (þar á meðal líftími þeirra og gerð) í persónuverndarmiðstöð okkar með hleknum fyrir smygildisstillingar í síðufæti hversrar síðu.

„**Stranglega nauðsynleg**“ smygildi gera þér kleift að fara um síðurnar og nota nauðsynlega eiginleika eins og örugg svæði, innkaupakörfur og rúkkun á netinu. Flokkar persónuupplýsinga sem safnað er með þessum smygildum geta verið auðkenni, viðskiptamannaskrár, internet eða önnur netvirkni og viðkvæmar persónuupplýsingar.

„**Frammistöðusmygildi**“ sem einnig kallast „greiningasmygildi“, safna upplýsingum um hvernig þú notar síðurnar okkar. Til dæmis fylgjast þau með hvaða síður þú heimsækir, hvort þú lendir í vandræðum og samskiptum þínum við auglýsingar okkar. Flokkarn persónuupplýsinga sem safnað er með þessum smygildum geta verið auðkenni, viðskiptamannaskrár, ályktanir af öðrum persónuupplýsingum, internet eða önnur netvirkni og viðkvæmar persónuupplýsingar. Þessum smygildum kann að vera stjórnað af þriðju aðilum sem veita okkur vefmælingarþjónustu og kunna að vera áfram í tækinu þínu þegar lotunni er lokað. Dæmi um frammistöðusmygildi eru meðal annars Google vefmælingar og pixlamerkingarþjónustur frá Google Inc og/eða Google Ireland Limited („Google“). Fyrir frekari upplýsingar um hvernig Google notar persónuupplýsingarnar þínar, þar á meðal lagagrundvöllinn sem Google studdist við og hvernig hægt er að nýta réttindi þín varðandi persónuverndarbeiðnir gagnvart Google með tilliti til persónuupplýsinga sem Google geymir, er að finna á: [Business Data Responsibility](#)

([safety.google](https://policies.google.com/privacy)). Almenna persónuverndarstefnu Google er að finna á:
<https://policies.google.com/privacy>.

„**Verkunarsmygildi**“ eru notuð til að veita þjónustu eða muna stillingar til að bæta heimsókn þína. Flokkar persónuupplýsinga sem safnað er með þessum smygildum geta verið auðkenni, viðskiptamannaskrár, ályktanir af öðrum persónuupplýsingum, internet eða önnur netvirkni og viðkvæmar persónuupplýsingar.

„**Markmiðuð smygildi**“, einnig þekkt sem „auglýsingasmygildi“, eru notuð til að rekja og geyma gögn þegar þú og aðrir sjá og hafa samskipti við síður okkar, markaðssamskipti og auglýsingar á síðum okkar og vefsíðum þriðju aðila. Markmiðið er að sýna þér viðeigandi vörur og þjónustu sem er skilgreind af því sem þú hefur áður skoðað, leitað að eða smellt á þegar þú áttir áður samskipti við síður okkar, þjónustu eða auglýsingar. Smygildi eru tengd við þjónustu sem þriðju aðilar bjóða upp á, svo sem „Líka“ og „Deila“ hnappa og gætu verið áfram í tækinu þínu þegar lotunni er lokað. Þriðji aðilinn veitir þessa þjónustu gegn því að fá að vita að þú hafir heimsótt síður okkar.

Síðurnar okkar kunna einnig að nota smygildi fyrir mælingar á gestum. Þessi smygildi gera okkur kleift að rekja hvenær þú og aðrir sjá og hafa samskipti við síður okkar, markaðssamskipti og auglýsingar og á vefsíðum þriðju aðila. Upplýsingarnar sem við skráum innihalda músaraðgerðir og flettiheyfingar, svo og grunnsamskipti við vefsíðuform og annað efni. Í kynningartölvupósti eða fréttabréfum hjálpa þau okkur að telja hversu margir hafa lesið þau.

Flokkar persónuupplýsinga sem safnað er með þessum smygildum geta verið auðkenni, viðskiptamannaskrár, ályktanir af öðrum persónuupplýsingum, internet eða önnur netvirkni og viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem nákvæm staðsetning þín ef þú ert með kveikt á staðsetningarþjónustunni.

Þessi smygildi gera þér einnig kleift að deila efni á samfélagsmiðlum með því að nota deilingarstillingar og geta gert samfélagsvefsíðunni kleift að fylgjast með virkni þinni. Þau kunna að vera stillt þegar þú heimsækir síður okkar og þegar þú heimsækir vefsíður þriðja aðila sem sýna auglýsingar okkar.

Á meðal smygilda frá þriðju aðilum sem við notum eru: „Líka“ og „Deila“ hnappar frá Meta Platforms Ireland Ltd („Meta“), eigandi t.d. Facebook og Instagram, er sameiginlegur ábyrgðaraðili ásamt okkur á persónuupplýsingum sem safnað er með Meta smygildum. Við höfum sett inn viðauka um ábyrgðaraðila með Meta til að ákvarða viðkomandi ábyrgð á því að uppfylla skyldur samkvæmt persónuverndarlögum að því er varðar sameiginlega vinnslu. Meta ber ábyrgð á því að bjóða upp á réttindabeiðnir samkvæmt persónuverndarlögum að því er varðar persónuupplýsingar sem Meta geymir eftir sameiginlega vinnslu. Frekari upplýsingar um hvernig Meta vinnur persónuupplýsingar þínar, þar á meðal lagagrundvöll sem Meta byggir á og leiðir til að nýta réttindi þín varðandi persónuverndarbeiðnir gagnvart Meta með tilliti til persónuupplýsinga sem Meta varðveitir, er að finna í persónuverndarstefnu Meta á <https://www.facebook.com/privacy/policy/> stefna.

Hvað eru vefvitar og hvernig notum við þá?

Sumar vefsíður okkar og tölvupóstar kunna að innihalda rafrænar myndir sem kallast vefvitar, sem stundum eru kallaðir eins pixla GIF, hreint GIF eða pixla-merki. Vefvitar gera okkur kleift að safna

tölfræðilegum upplýsingum um þá starfsemi og eiginleika sem vekja mestan áhuga notenda okkar. Þetta hjálpar okkur að veita persónumiðaðra efni. Þessir vefvitar munu birtast í vafranum þínum óháð smygildisstillingum þínum en munu ekki vinna úr persónuupplýsingum þínum ef þú hafnar smygildum eða breytir stillingum vafrans þíns.

Staðsetningarupplýsingar um fartæki

Þegar lög leyfa kunnum við að nota rakningartól til að safna ákveðnum gögnum um Wi-Fi virkt fartæki, sem felur í sér tilvist tækisins í verslunum okkar, merkisstyrk þess, vörumerki þess og einstakt auðkenni sem kallast Media Access Control („MAC“) vistfang (sameiginlega „upplýsingar um fartæki viðskiptavina“). Þessum upplýsingum er safnað til að ákvarða magn, staðsetningu og tíðni heimsóknna viðskiptavina í verslanir okkar. MAC vistfang fartækis auðkennir tiltekið tæki fyrir nærliggjandi Wi-Fi netkerfum.

Þú getur afþakkað að MAC vistfangið þitt sé skráð með því að fara á eftirfarandi hlekk og slá inn MAC vistfang fartækis þíns: <https://optout.smart-places.org/>. Til að fræðast nánar um notkun upplýsinga um fartæki viðskiptavina og þitt val, vinsamlegast farðu á: <https://smart-places.org/>.

Tilkynning um AdChoices

Stundum birtum við auglýsingar bæði á síðum okkar og á vefsíðum þriðju aðila. Þegar þú heimsækir eina af síðunum okkar eða skoðar auglýsingar sem við birtum annars staðar á netinu er hægt sjá mismunandi tegundir auglýsinga, svo sem textaauglýsingar við hlið leitarniðurstaðna eða myndbandsauglýsingar á vefsíðum. Stundum eru þessar auglýsingar byggðar á innihaldi síðna sem þær birtast á. Að öðru leyti eru þessar auglýsingar búnar til með því að para auglýsingu við áhugamál þín, byggt á athöfnum þínum á netinu sem safnað hefur verið yfir lengri tíma. Með auglýsingum sem byggja á áhugamálum er markmiðið að sýna þér þær auglýsingar sem eiga mest við.

Við styðjum [Sjálfstjórnarreglur fyrir hegðunarauglýsingar á netinu hjá Digital Advertising Alliance](#). Gert er ráð fyrir að auglýsingar sem við setjum á netinu með gögnum sem byggjast á áhugamálum séu sendar með auglýsingavalkostatákninu til að hjálpa þér að skilja hvernig gögnunum þínum er safnað og þau notuð og til að bjóða upp á val fyrir einstaklinga sem vilja meiri stjórn. Táknið lítur svona út:



Með því að smella á tákninu þegar það birtist er hægt að skoða og fylgjast með upplýsingum um auglýsingar á netinu, þar á meðal hverjir eru að safna og nota netgögnin þín, hvernig þú getur afþakkað þessar auglýsingar og fleira. Til að hætta að fá auglýsingar byggðar á áhugamálum frá einhverjum af síðunum okkar er líka hægt að afþakka það með því að [smella hér](#). Að afþakka þýðir ekki að þú munir ekki lengur sjá auglýsingar frá okkur á netinu, heldur eingöngu að netauglýsingarnar frá okkur sem þú sérð muni ekki byggjast á áhugamálum þínum.

Eftir því hvar þú býrð gætir þú haft aðgang að einum hentugum stað til að gefa til kynna óskir þínar, þar á meðal möguleikann á að gera eina „alhliða“ afþökkun á áhugatengdum auglýsingum með þátttökuaðilum:

Í Bandaríkjunum er það þessi síða: [Ad Choices](#).

Í Kanada er það þessi síða: [Your Ad Choices](#).

Í Evrópusambandinu er það þessi síða: [Your Online Choices](#).

Þegar þú afþakkar með þessum aðferðum verður smygildi sett á tækið þitt sem gefur til kynna að þú hafir afþakkað auglýsingar sem byggja á áhugamálum þínum. Ef þú eyðir smygildunum þínum þarf að afþakka aftur.

Hvað ef þú vilt ekki vera með smygildi?

1. Persónuverndarmiðstöð

Þú getur stjórnað samþykki þínu fyrir öllum smygildum nema stranglega nauðsynlegum smygildum í persónuverndarmiðstöðinni okkar með hlekknum fyrir smygildisstillingar (til staðar í síðufæti hvernar síðu). Ef þú samþykkir ekki sumar tegundir af smygildum gæti það haft áhrif á notkun þína á vefsíðunum og þjónustunni sem við getum boðið upp á.

Til að sjá hvaða smygildi eru á vefsvæðum okkar og hvernig þessir þriðju aðilar nota persónuupplýsingarnar þínar skaltu fara persónuverndarmiðstöðina með hlekknum fyrir smygildisstillingar (til staðar í síðufæti hvernar vefsíðu), velja tegund smygildis í valmyndinni til vinstri og smella svo á „Upplýsingar um smygildi.“ Til að sjá hvernig Google mun nota persónuupplýsingar þínar er til dæmis hægt að fara á [Persónuverndar- og skilmálasíðu Google](#).

2. Stillingar vafrans þíns

Önnur leið til að stjórna smygildunum er að stilla tölvuna þína til að vara þig við þegar verið er að stilla smygildi eða slökkva á öllum smygildum í gegnum vafrann þinn (t.d. Internet Explorer eða Firefox). Athugaðu HJÁLP valmynd vafrans þíns til að læra réttu leiðina til að breyta eða uppfæra smygildin þín.

Vafri	Tengill til að stjórna smygildum
Google Chrome	https://support.google.com/chrome/answer/95647?hl=is
Firefox	https://support.mozilla.org/en-US/kb/enhanced-tracking-protection-firefox-desktop?redirectslug=enable-and-disable-cookies-website-preferences&redirectlocale=en-US
Opera	https://help.opera.com/en/latest/security-and-privacy/
Microsoft Internet Explorer	https://support.microsoft.com/en-us/windows/delete-and-manage-cookies-168dab11-0753-043d-7c16-ed5947fc64d
Apple Safari	https://support.apple.com/en-il/guide/safari/sfri11471/mac
Microsoft Edge	https://support.microsoft.com/en-us/microsoft-edge/delete-cookies-in-microsoft-edge-63947406-40ac-c3b8-57b9-2a946a29ae09

Þú getur líka heimsótt www.aboutcookies.org sem inniheldur frekari upplýsingar um hvernig á að gera þetta í ýmsum mismunandi vöfrum. Þú munt einnig finna upplýsingar um hvernig á að eyða smygildum úr tölvunni þinni sem og almennar upplýsingar um smygildi. Vinsamlegast skoðaðu handbók farsímans þíns til að fá upplýsingar um hvernig á að gera þetta í vafra farsímans þíns. Vinsamlegast hafðu í huga að takmörkun á smygildum getur haft áhrif á virkni Mars Sites.

HVERNIG NOTUM VIÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍN OG Á HVAÐA LAGAGRUNDVELLI?

Tilgangur okkar með vinnslu

Við kunnum að vinna úr hvaða gögnum sem við lýsum hér að ofan í eftirfarandi tilgangi:

